

# Ársskýrsla

## Félags forstöðumanna ríkisstofnana

### 2017 - 2018



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2017 – 2018.

Frá vinstri: Ársæll Guðmundsson, Magnús Guðmundsson, Björn Karlsson, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Halldór Ó. Sigurðsson, Margrét Hallgrímsdóttir. Á myndina vantar Eyþór Björnsson.

## Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni á starfsárinu maí 2017 til maí 2018. Í byrjun starfsársins ákvað stjórn FFR að megin áhersla starfsins yrði að vera sú mikla breyting á félaginu sem í hönd fór vegna breytinga á lögum um kjararáð og ber starfið á árinu þess merki. Má þar nefna að miklar breytingar voru gerðar á lögum félagsins, að starfsmaður var ráðinn í 50% starf og að skrifstofa félagsins var sett upp og er nú starfrækt að Hverfisgötu 105, Reykjavík. Frekari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu félagsins ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) og í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

1. Aðalfundur FFR 31. maí 2017 og framhaldsaðalfundur
2. Störf stjórnar, starfskjaranefndar og kjörnefndar FFR
  - Almennt um breytingar á lögum um kjararáð og afleiðingar þess
  - Ráðning starfsmanns FFR og stofnun skrifstofu FFR
  - Ný lög FFR samþykkt
  - Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna
  - Umsóknir í Starfsmenntunarsjóð embættismanna
  - Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna og vinna með KMR
  - Launakjör forstöðumanna ríkisstofnana
3. Fundir og málþing 2017-2018
4. Heimasíðan og samfélagsmiðlar
5. Nýtt fyrirkomulag kosninga til formanns og stjórnar FFR
6. Lokaorð

## 1. Aðalfundur FFR 31. maí 2017 og framhaldsaðalfundur

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana var haldinn þriðjudaginn 31. maí 2017 á Hilton Hótel Nordica, Reykjavík. Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar var kjörinn formaður en í stjórn og varastjórn voru kjörin þau Halldór Ó. Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands og Eypór Björnsson forstjóri Fiskistofu. Kristín Linda er gjaldkeri félagsins og Ingibjörg Steinunn ritari, eins og verið hefur undanfarin ár.

Í starfskjaranefnd voru kjörnir Herdís Gunnarsdóttir forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar og Sveinn Runólfsson, fyrrverandi forstöðumaður.

Þar sem gera þurfti nokkuð umfangsmiklar breytingar á lögum FFR vegna nýrra laga um kjararáð var ákveðið að fresta aðalfundi til að vinna lagatillögur. Framhaldsaðalfundur var síðan haldinn 16. febrúar 2018, þar sem tillaga stjórnar að nýjum lögum var tekin til umfjöllunar. Eftir umfjöllun þar sem tekið var tillit til ýmissa breytingatillagna voru ný lög FFR samþykkt og eru aðgengileg að heimasíðu FFR.

## 2. Störf stjórnar, starfskjaranefndar og kjörnefndar FFR

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem var haldinn þann 11. ágúst 2017 var ákveðið að vinna að því að auka og bæta miðlun upplýsinga til félagsmanna. Einn þáttur í þessu átaki stjórnarinnar var að setja fram nýtt form fréttabréfa FFR sem send eru reglulega til félagsmanna og jafnframt birt á vefsíðu félagsins [www.ffr.is](http://www.ffr.is). Fréttabréfið er sent á póstlista FFR en auk þess er hægt að gerast áskrifandi að því með einföldum hætti. Jafnframt var ákveðið að félagsfundir og fræðslufundir yrðu sendir út í streymi eftir því sem mögulegt er. En helsta verkefni stjórnar FFR þetta starfsárið hefur þó verið að gera þær breytingar á félaginu sem leiða af breytingum á lögum um kjararáð, sjá nánari umfjöllun hér að neðan.

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé. Stjórnin hélt alls 11 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu auk ýmissa annarra funda sem stjórn, starfskjaranefnd, kjörnefnd eða hluti þeirra sótti fyrir hönd FFR. Þær fundargerðir sem ritaðar voru má finna á heimasíðu félagsins. Meðal annars sátu formaður, gjaldkeri og ritari FFR fundi með starfsmönnum í fjármála- og efnahagsráðuneytis, sem haldnir voru að jafnaði hálfsmánaðarlega frá september 2017 fram að aðalfundi FFR 2018. Ráðgjafi FFR, Guðrún Ragnarsdóttir og starfsmaður FFR, Jóhanna Jónsdóttir, sátu einnig marga fundi af þessu tagi.

Í eftirfarandi texta verður helstu verkefnum stjórnar lýst mjög stuttlega. Nánari umfjöllun má finna í fundargerðum og í fréttabréfum FFR á vefsíðu félagsins, [www.ffr.is](http://www.ffr.is). Eftirfarandi mál verða sérstaklega til umfjöllunar:

- Almennt um breytingar á lögum um kjararáð og afleiðingar þess
- Ráðning starfsmanns FFR og stofnun skrifstofu FFR
- Ný lög FFR samþykkt
- Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna
- Umsóknir í Starfsmenntunarsjóð embættismanna
- Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna og vinna með KMR
- Launakjör forstöðumanna ríkisstofnana

**Almennt um breytingar á lögum um kjararáð og ýmsar afleiðingar þess:** Haustið 2016 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð. FFR vann umsögn um frumvarpið og ýmsar breytingar voru gerðar á því í kjölfarið, þar sem að hluta til var komið til móts við athugasemdir félagsins. Frumvarpið var svo samþykkt nokkrum dögum síðar. Í kjölfarið var svo 39. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna

ríkisins nr. 70/1996 breytt þar sem kveðið var á um ýmis atriði sem varða starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana. Í lögnum kemur fram að sérstök eining (sem nú er Kjara- og mannauðssýsla ríkisins, KMR) innan fjármála- og efnahagsráðuneytis skuli stýra innleiðingu nýs verklags hvað varðar launaákvæðanir og ýmis starfskjör forstöðumanna.

Forsaga málsins er sú að undanfarinn áratug hefur legið fyrir vilji íslenskra stjórnvalda til að gera nokkuð umfangsmiklar breytinga á framkvæmd stefnumótunar, fjárlagagerð og stofnanakerfi ríkisins. Sem dæmi má nefna breytingar á lögum um stjórnarráðið, ný lög um opinber fjármál og fyrrnefndar breytingar á lögum um kjararáð. Þessi nýskipan hefur í för með sér talsverðar breytingar á starfsumhverfi og starfskjörum forstöðumanna, einkum þó breytingar á lögum um kjararáð. Stjórn FFR ákvað í byrjun fyrra starfsárs, 2016-17, að stærsta og mikilvægasta verkefni félagsins væri umfjöllum um breytingar á lögum um kjararáð og í framhaldi þróun og innleiðing á nýju verklagi varðandi launaákvæðanir, frammistöðumat, starfsþróun, hreyfanleika og starfslok forstöðumanna.

Stjórn FFR ákvað að miða afstöðu sína til frumvarpanna við skýrslu starfshóps frá árinu 2012 um vinnuumhverfi forstöðumanna og almennrar afstöðu félagsins til málsins síðastliðinn áratug. Bakgrunnurinn er sá að FFR hefur um langt árabil hvatt mjög til þess að breytingar verði gerðar á starfsumhverfi forstöðumanna. Í marsmánuði 2011 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að fjalla um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Tveir fulltrúar forstöðumanna sátu í hópnum. Hópurinn skilaði af sér skýrslu þann 24. apríl 2012 og lagði fram ýmsar breytingartillögur á starfsumhverfi forstöðumanna. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð byggir að miklu leiti á niðurstöðum skýrslunnar. FFR hefur staðið fyrir morgunverðarfundum undanfarin ár þar sem skýrslan og væntanlegar lagabreytingar hafa verið kynntar.

Helstu afleiðingar þessara lagabreytinga eru þær að hlutverk Félags forstöðumanna ríkisstofnana gerbreystist og verður mun umfangsmeira en verið hefur. Stjórn FFR hefur unnið að þessum breytingum á þessu starfsári og fjallað verður nánar um þær hér að neðan.

**Ráðning starfsmanns FFR og stofnun skrifstofu FFR:** Á fundi stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana þann 11. ágúst 2017 var ákveðið að hefja vinnu við að ráða starfsmann FFR vegna nýrra verkefna í kjölfar breytinga á lögum um kjararáð. Auglýst var eftir háskólamenntuðum einstaklingi með þekkingu á vinnuumhverfi forstöðumanna og voru sex sem sóttu um starfið. Eftir mat á umsóknum og viðtöl við umsækjendur ákvað stjórn FFR að ráða Jóhönnu Áskels Jónsdóttur lögfræðing í starfið og hóf hún störf 3. janúar 2018. Jóhanna hefur undanfarin ár starfað hjá PricewaterhouseCoopers þar sem hún hefur sinnt starfi sviðsstjóra á Skatta- og lögfræðisviði frá árinu 2013. Þar áður starfaði hún m.a. hjá Ríkisskattstjóra.

Hlutverk Jóhönnu er margþætt en snýst aðallega umsjón með daglegum rekstri félagsins og virka þátttaka í mótun og þróun á vinnuumhverfi forstöðumanna. Hún mun einnig

hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og þjónustu við forstöðumenn varðandi réttindamál og við úrlausn álitaeftna. Þar kemur menntun og reynsla Jóhönnu sem lögfræðingur félagi okkar sérstaklega vel til góða.

Samtímis sem Jóhanna tók til starfa setti FFR upp starfsaðstöðu á nýrri skrifstofu sem er til til húsa á Hverfistötu 105, Reykjavík, á sama stað og Neytendasamtökin. Félagsmenn í FFR eru hvattir til að hafa samband við Jóhönnu ef á þarf að halda og er hægt að gera það með því að senda tölvupóst á netfangið johanna@ffr.is, eða með því að slá á þráðinn í síma 852-7300.

**Ný lög FFR samþykkt:** Framhaldsaðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana var haldinn á Grand Hótel í Reykjavík föstudaginn 16. febrúar 2018. Fundurinn var ágætlega sóttur og var fundarstjóri Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri. Meginverkefni fundarins var að taka afstöðu til tillögu stjórnar um breytingar á lögum FFR til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á hlutverki félagsins eftir að kjara- og réttindamál forstöðumanna hafa með lögum verið færð frá Kjararáði til kjara- og mannauðssýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Tillögur stjórnar um lagabreytingar voru samþykktar einróma með smávægilegum breytingum en þær snérist aðallega um að fjölga verkefnum félagsins og koma á opnara ferli við kjör á fulltrúum í stjórn þess.

Lögin með þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar eru aðgengileg á heimasíðu FFR en fundargerð framhaldsaðalfundarins og nýendurskoðuð lög voru einnig send með tölvupósti til félagsmanna.

**Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna:** Á haustmánuðum 2017 tilkynnti Björt Ólafsdóttir, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, að hún hygðist auglýsa öll störf forstöðumanna í ráðuneyti sínu þegar 5 ára ráðningartími rynni út. Að beiðni FFR vann lögfræðistofan Advel lögmenn lögfræðialit um þetta efni þar sem skýrt kemur fram að ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra sé haldin ýmsum annmörkum, s.s. varðandi málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga um jafnræði og meðalhóf.

FFR sendi fjármála- og efnahagsráðherra bréf, dags. 19. september 2017, ásamt afriti af álitu Advel lögmennstofu, þar sem farið er fram á að áform um að auglýsa öll störf forstöðumanna í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að loknum 5 ára skipunartíma verði dregin til baka. Ráðuneytið svaraði FFR með bréfi, dags. 27. febrúar 2018, þar sem tekið var undir þau meginsjónarmið sem fram komu í bréfi FFR um að heimild til að auglýsa starf forstöðumanns sé til staðar samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en að heimildin verði almennt ekki virk nema að undangenginni ákvörðun eða mati viðkomandi ráðherra. Í ljósi réttmætisreglu stjórnarsýsluréttarins þurfa þau sjónarmið sem viðkomandi ráðherra leggur til grundvallar þegar hann hugar að því hvort hann auglýsi embætti eða ekki að vera málefnaleg. Með hliðsjón af þeim áherslum sem koma fram í nýrri stjórnendastefnu ríkisins megi leiða líkum að því að heimild ráðherra til að auglýsa störf forstöðumanna áður en fimm ára skipunartíma þeirra er



lokið verði oftar beitt í framtíðinni enda sé slík framkvæmd í samræmi við auknar kröfur um aðhald, faglega, opna og gagnsæja stjórnsýslu og betri nýtingu á mannauði.

FFR bað lögfræðistofuna Advel að fjalla stuttlega um svar fjármála- og efnahagsráðuneytis og er hægt að lesa lögfræðialitið, bréfið frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og umfjöllun Advel á vefsíðu FFR.

**Umsóknir í Starfsmenntunarsjóð embættismanna:** Í mars 2016 var samþykkt Starfsmenntunarsjóður embættismanna umsókn Félag forstöðumanna ríkisstofnana um 5.000.000 kr. styrk til að þróa vinnuferla varðandi starfskjaramál forstöðumanna. Í kjölfarið réði félagið Guðrúnu Ragnarsdóttur hjá Strategíu til þess að aðstoða við þessa vinnu sem hefur gengið vel í góðri samvinnu við Kjara- og mannauðssýsluna. Í október 2017 var enn sótt um styrk til Starfsmenntunarsjóðs embættismanna upp á 5.000.000 kr. til þess að halda verkefninu áfram en ljóst er að aðeins tæplega helmingi þess er lokið. Byggja þarf upp grunnmat starfa og frammistöðumat, vinna að verklagi varðandi endurmenntun og hreyfanleika í starfi og starfslok sem og að setja upp ferla varðandi nýtt hlutverk Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Í nóvember 2017 svaraði Starfsmenntunarsjóður embættismanna því að umsóknin hafi verið samþykkt. Þannig hefur sjóðurinn styrkt FFR um samtals 10 m.kr. undanfarin 2 ár og eru sjóðnum færðar innilegar þakkir fyrir þennan nauðsynlega stuðning.

**Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana og vinna með KMR:** Eins og áður hefur verið greint frá þá er nú unnið að því hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins í samráði við Félag forstöðumanna ríkisstofnana að ákvarða grunnlaunaflokkun og undirflokkun starfa forstöðumanna ríkisstofnana, sjá sérstaka síðu á heimasíðu FFR, <http://ffr.is/nytt-vinnuumhverfi/>. Í tengslum við þessa vinnu hafa verið haldnir margir samráðs- og rýnifundir á síðustu misserum. Á þessum fundum var forstöðumönnum boðið að taka þátt í að ræða tillögur um aðferðafræði við grunnmat starfa.

Þó svo að búið sé að samþykkja lög um kjararáð og breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er eftir talsverð vinnu við að þróa og innleiða nýtt verklag varðandi fyrirkomulag ráðningarmála, launaákvarðana, frammistöðumats, starfsþróunar, hreyfanleika og starfsloka forstöðumanna. Mjög mikilvægt er að forstöðumenn verði ekki þolendur í þessu ferli heldur gerendur svo að hin verðmæta reynsla og þekking forstöðumanna nýtist við þróun verklagsins. Stjórn FFR réði því Guðrúnu Ragnarsdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Strategía til þess að vinna að tillögum að verklagi í samstarfi við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR) hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þar nýtist vel þeir styrkir, samanlagt 10. m.kr., sem félaginu hefur verið úthlutað til þessa verks úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna.

Segja má að vinnan sé komin nokkuð á veg; hæfnikröfur starfa forstöðumanna hafa verið kortlagðar út frá þremur víddum, faglegri vídd, stjórnunarvídd og rekstrarlegum þáttum. Út frá því er ætlunin að byggja upp skýrt og gegnsætt launakerfi sem er einfalt

Í framkvæmd ásamt ferli um starfsþróun og starfslok forstöðumanna. Markmiðið er að launaákvæðanir verði gegnsæjar og byggja á málefnalegum forsendum, þá verði frammistaða forstöðumanna metin reglulega og starfsþróun þeirra skipulögð á stefnumiðaðan máta. Kerfið verði hvetjandi og stuðli að framþróun og auknum árangri í starfsemi ríkisins.

Eins og áður segir er vinnan komin nokkuð á veg, en þó er enn langt er til lands. Ásetningur stjórnar FFR er að standa fyrir samráði við félagsmenn og því hafa verið haldnir félagsfundir þar sem vinnan hefur verið kynnt og félagsmenn hafa haft tækifæri til að spyrja um ýmsa þætti. Til að virkja og upplýsa félagsmenn á sem bestan hátt hefur flestum þessum fundum verið streymt beint af fundarstað, með ódýrari og hagkvæmari hætti en áður hefur verið. Vinnufundum, þar sem félagsmenn sitja í hópum og vinna ákveðin verkefni, hefur þó ekki verið streymt. Sérstakt svæði hefur verið sett upp á vefsíðu FFR, <http://ffr.is/nytt-vinnuumhverfi/>. Á því svæði eru streymi af fundum vistuð, ýmiskonar aðrar upplýsingar og spjallsvæði ef félagsmenn vilja tjá sig og ræða málið.

**Launakjör forstöðumanna ríkisstofnana:** Ýmsir hópar sem féllu undir kjararáð hafa fengið tugprósenta launahækkunir undanfarin tvö ár. Almennir forstöðumenn ríkisstofnana hafa þó ekki fengið slíkar hækkunir á launum, að fráskildum nokkrum forstöðumönnum svokallaðra ohf stofnana, þar sem stjórnir fyrirtækja hafa aftur fengið það hlutverk að ákveða laun forstöðumanns. En meginhluti forstöðumanna ríkisstofnana hafa ekki fengið almenna launahækkun síðan í júní 2016, þrátt fyrir miklar breytingar síðastliðin tvö ár á mánaðarlegri launavísitölu Hagstofu Íslands.

Í þágildandi 8. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, sagði að kjararáð skyldi ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Forstöðumenn ríkisstofnana fengu síðast úrskurð um almenna hækkun launa frá og með 1. júní 2016, nánar tiltekið hækkun um 7,15%. Bent er á að kjararáð fékk sjálft 7,3% almenna launahækkun á árinu 2017, en laun kjararáðs höfðu síðast hækkað sumarið 2016.

Hvað varðar grunnröðun starfa þá er nú unnið að nýju verklagi í samstarfi kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Ljóst er að það getur tekið einhvern tíma. Það er því deginum ljósara að það er mjög áriðandi að forstöðumenn hljóti almenna launahækkun eins og aðrir hópar í samfélaginu hafa fengið undanfarin 2 ár.

Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana ritaði því Kjara- og mannauðssýslu ríkisins bréf þann 3. maí 2018 og óskaði eftir því að KMR svari því hvort ráðherra hyggist uppfylla þær lagalegu skyldur sem á ráðherra hvíla skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, og úrskurða um almenna launahækkun til handa forstöðumönnum og hvenær megi vænta slíkrar hækkunar. Svar við erindinu hefur ekki enn borist.

### 3. Fundir og málþing 2017-2018

Á morgunverðarfundum FFR starfsárið 2017-2018 var einna helst fjallað um starfskjaramál og voru þrjár félagsfundir eða rýnifundir haldnir um það málefni. Umfjöllun um þessa fundi er að finna á vefsíðu félagsins. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) við Háskóla Íslands og FFR skipulögðu í samstarfi málþing og námskeið á starfsárinu eins og undanfarin ár. Glærur frá morgunverðarfundunum má nálgast á sérstöku vefsvæði SSS; <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/node/1060>, en einnig má finna streymi frá sumum slíkum fundum á heimasíðu FFR. Einnig hélt félagið fundi í samráði við ýmsa aðra aðila, svo sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, Persónuvernd, Ríkiskaup, nefna má námskeið um nýja Evrópureglugerð um persónuvernd, um opinber innkaup, ásamt ýmsum öðrum námskeiðum.

Stjórn FFR fékk áskoranir frá félagsmönnum sem starfa á landsbyggðinni um að morgunverðarfundirnir verði á einhvern hátt gerðir aðgengilegir á netinu. Kostnaður við að streyma fundunum hefur hingað til verið mjög mikill, en vorið 2017 var fundin lausn sem er kostnaðarlega ásættanleg. Á starfsárinu hefur stjórn FFR lagt metnað í að láta senda flest alla fræðslufundi og félagsfundi í streymi, og er hægt að nálgast þessi streymi á heimasíðu félagsins.

### 4. Heimasíðan og samfélagsmiðlar

FFR rekur heimasíðu ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Stjórn FFR ákvað á síðasta starfsári að endurgera vefsíðu félagsins og færa hana inn í vefumsjónarkerfið WordPress sem er ókeypis og opinn hugbúnaður og því þarf ekki að greiða nein mánaðarleg leigu- og/eða kerfisgjöld. Áhersla var lögð á að vefsíðan aðlagist skjáupplausn notenda, þ.e. að hún birtist m.t.t allra skjástærða í tölvum og snjalltækjum (s.s.fartölvum, spjaldtölvum og snjallsímum). Vinnu við þetta lauk snemma á árinu 2017 og á vefsíðu félagsins má nálgast fundargerðir stjórnar og margskonar aðrar upplýsingar. Sérstakt vefsvæði um nýtt vinnuumhverfi forstöðumanna er á vefsíðunni, <http://ffr.is/nytt-vinnuumhverfi/>. Á því svæði eru streymi af fundum vistuð, ýmiskonar aðrar upplýsingar og spjallsvæði ef félagsmenn vilja tjá sig og ræða málið.

### 5. Nýtt fyrirkomulag kosninga til formanns og stjórnar FFR

Undanfarna áratugi hefur kosning til formanns og stjórnar FFR farið fram þannig að stjórn skipar Uppstillingarnefnd sem síðan er einráð um hver verði næsti formaður og hverjir setjast nýjir í stjórn FFR. Á liðnu starfsári voru gerðar mjög umfangsmiklar breytingar á hlutverki og rekstri félagsins og taldi stjórn FFR mikilvægt að gera kosningar til formanns og stjórnar lýðræðislegri og gegnsærri en verið hefur.



Því var lögum félagsins breytt þannig að á aðalfundi FFR skuli kjósa sérstaka þriggja manna kjörnefnd sem óskar eftir og tekur við framboðum til formanns og til stjórnarsetu. Kjörnefnd stjórnar einnig kosningu meðal félagsmanna. Kjörnefnd setur sér verklagsreglur varðandi framboð og framkvæmd stjórnarkjörs. Verklagsreglur þessar skulu samþykktar af stjórn eftir kynningu á almennum félagsfundi og var það einmitt gert á félagsfundi sem haldinn var 3. maí 2018. Stjórn FFR samþykkti síðan verklagsreglurnar og sendi út til allra félagsmanna til kynningar.

Á fundinum 3. maí kom fram sú tillaga að kosningin yrði rafræn. Stjórnarmenn skoðuðu fýsileika þess og í kjölfarið var ákveðið að kosningin skildi fara fram á aðalfundi, en að fjarstöddum félögum skildi vera unnt að kjósa rafrænt.

Þannig tel ég, fráfarandi formaður, að miklar breytingar til bóta hafi orðið á fyrirkomulagi kosninga í félaginu okkar. Öllum er gefinn kostur á að bjóða sig fram til starfa, ferlið er gegnsætt og skýrt og með rafrænni kosningu aukum við lýðræði innan félagsins með því að veita félagsmönnum tækifæri til að kjósa hvar sem þeir eru staddir.

Undirritaður, núverandi formaður, hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram til endurkjörs eftir þriggja ára formennsku. Miklar breytingar hafa orðið á félaginu vegna nýrra laga, félagið fer meira í átt að því að verða kjarafélag, án verkfallsréttar, og telur undirritaður mikilvægt að við þessar aðstæður fái félagsmenn tækifæri til að velja sér nýja forystu.

## 6. Lokaorð

Í starfi stjórnar FFR bar hæst vinna við nauðsynlegar breytinga á hlutverki félagsins, þar með talið breytingar á lögum félagsins, ráðning starfsmanns, stofnun skrifstofu félagsins og gagngerrí breytingu á því hvernig staðið verður að kjöri formanns og stjórnar FFR. Einnig bar hátt samvinna við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR) vegna breytinga á lögum um kjararáð. Starfskjaranefnd FFR vann að bréfi sem sent var KMR um almenna hækkun á launum forstöðumanna en ekki hefur svar borist við því erindi. Starfskjaranefnd var síðan lögð niður eftir að framhaldsaðalfundur breytti lögum félagsins en í staðinn var stofnsett kjörnefnd félagsins, sem hafði það hlutverk að leggja til nýtt vinnulag um kjör formanns og stjórnarmanna FFR. Fjárhagur félagsins hefur aldrei verið betri, félagið á tæpar 15 m.kr. í sjóði, en verkefni eru ærin og full þörf á þessu fjármagni til framtíðarverkefna.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru skipaðar hópi forstöðumanna sem allir eru tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana  
Björn Karlsson, formaður FFR árin 2015-2018*